

Áskorun til stjórnar Sambands íslenska sveitarfélaga

(fundur á hótél Hilton Nodica 2. október 2025)

Sameiginlegur fundur sveitarfélaga með íbúa færri en 1.000 skorar á stjórn Sambands íslenska sveitarfélaga að hafna tillögum innviðaráðuneytis um afnám íbúalýðræðis sem felast í drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú liggja fyrir samráðsgátt stjórnvalda.

Sveitarfélögin fordæma þá vegferð stjórnvalda að svipta íbúa fámennustu sveitarfélaga landsins réttinum til að taka ákvörðun um tilvist sveitarfélags síns með því að fyrirskipa sameiningar. Með þessu er helgasti réttur sveitarstjórnarstigsins, íbúalýðræðið, afnuminn og valtað yfir ákvörðunarvald sveitarfélaga, ekki aðeins hinna fámennustu, heldur einnig þeirra sveitarfélaga sem þeim verður uppálagt að sameinast. Verði ráðherra veitt vald til þess að hlutast til um sameiningu sveitarfélaga með þessum hætti er gerður að engu sá réttur íbúa til þess að kjósa sér fulltrúa til þess að fara með umboð og málefni viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða skref sem grefur undan lýðræði og hlutverki kjörinna fulltrúa.

Sveitarfélögin sem að þessari áskorun standa telja Sambandinu ekki stætt á öðru en að mótmæla þessum frumvarpsdrögum þar sem þau svipta sveitarfélög sjálfsákvörðunarrétti sínum og íbúa lýðræðislegum réttindum.

Undirritað og afgreitt í sveitarstjórnnum 6.- 9. október 2025.

Sveitarfélag:		
1 Flóahreppur	Árni Erikkson	oddviti
2 Langanesbyggð	Þurður Þór Guðmundsson	oddviti
3 Fjótisdalshreppur	Jóhann F. Þórhallsson	oddviti
4 Grýtabakkahreppur	Gísli Gunnar Oddgeirsson	oddviti
5 Skeiða og Gnúpverjarhreppur	Haraldur Þór Jónsson	oddviti
6 Árneshreppur	Eva Sigbjörnsdóttir	oddviti
7 Tjörneshreppur	Aðalsteinn J. Halldórsson	oddviti
8 Svalbarðsstrandahreppur	Anna Karen Úlfarsdóttir	oddviti
9 Kjósahreppur	Jóhanna Hreinsdóttir	oddviti
10 Vopnafjarðahreppur	Axel Örn Sveinbjörnsson	oddviti
11 Grímsnes og Grafningshreppur	Ása Valdís Árnadóttir	oddviti
12 Ásahrepps	Ísleifur Jónasson	oddviti
13 Skagaströnd	Halldór Gunnar Ólafsson	oddviti
14 Súðavíkurbhreppur	Bragi Thoroddsen	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar
15 Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson	oddviti
16 Skaftárhreppur	Jóhannes Gísson	oddviti
17 Hrunamannahreppur	Jón Bjarnason	oddviti
18 Hörgársveit	Axel Grettisson	oddviti
19 Reykhólahreppur	Ólafur Þór Ólafsson	sveitarstjóri f.h. sveitarstjórnar